

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Reblozyl 25 mg stungulyfsstofn, lausn

Reblozyl 75 mg stungulyfsstofn, lausn

2. INNIHALDSLÝSING

Reblozyl 25 mg stungulyfsstofn, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 25 mg af luspatercepti. Eftir blöndun inniheldur hver ml af lausn 50 mg af luspatercepti.

Reblozyl 75 mg stungulyfsstofn, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 75 mg af luspatercepti. Eftir blöndun inniheldur hver ml af lausn 50 mg af luspatercepti.

Luspatercept er framleitt með raðbrigðærðatækni í eggjastokkafrumum úr kínahömstrum.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyfsstofn, lausn (stungulyfsstofn).

Hvitt eða beinhvitt frostþurrkað duft.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Reblozyl er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum með blóðleysi sem er háð blóðgjöfum, vegna mergrangvaxtarheilkennis (myelodysplastic syndromes) með mjög litla, litla og meðalmikla áhættu (sjá kafla 5.1).

Reblozyl er ætlað til meðferðar hjá fullorðnum með blóðleysi sem er háð og ekki háð blóðgjöfum, í tengslum við beta-dvergekornablóðleysi (sjá kafla 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir með reynslu af meðferð blóðsjúkdóma skal hefja meðferð.

Skammtar

Mæla skal blóðrauðagildi hjá sjúklingum fyrir hverja Reblozyl gjöf. Ef gefin eru rauð blóðkorn áður en skammturinn er gefinn, skal nota blóðrauðagildi sem tekin eru fyrir blóðgjöfina til að ákveða skammtinn.

Ráðlagður upphafsskammtur af Reblozyl er 1 mg/kg gefinn einu sinni á 3 vikna fresti.

- *Mergrangvaxtarheilkenni*

Ráðlögð kjörþéttni blóðrauða er á bilinu 10 g/dl til 12 g/dl. Skammtaaukning vegna ófullnægjandi svörunar er sýnd hér að neðan.

Tafla 1: Skammtaaukning vegna ófullnægjandi svörunar

1 mg/kg skammtur	Skammtaaukning
Eftir a.m.k. 2 skammta í röð af skammtinum 1 mg/kg og sjúklingur: • þarf enn á gjöf rauðra blóðkorna að halda eða • nær ekki þéttni blóðrauða sem nemur ≥ 10 g/dl og aukning blóðrauða nemur < 1 g/dl	• Auka á skammtinn í 1,33 mg/kg
1,33 mg/kg skammtur	Skammtaaukning
Eftir a.m.k. 2 skammta í röð af skammtinum 1,33 mg/kg og sjúklingur: • þarf enn á gjöf rauðra blóðkorna að halda eða • nær ekki þéttni blóðrauða sem nemur ≥ 10 g/dl og aukning blóðrauða nemur < 1 g/dl	• Auka á skammtinn í 1,75 mg/kg

Ekki á að auka skammtinn oftar en á 6 vikna fresti (2 lyfjagjafir) og ekki umfram hámarksskammtinn 1,75 mg/kg á 3 vikna fresti. Ekki á að auka skammtinn samstundis eftir frestun skammts.

Fyrir sjúklinga sem fyrir skammt voru með blóðrauðagildi > 9 g/dl og eru enn ekki orðnir óháðir blóðgjöfum, gæti reynst nauðsynlegt að auka skammtinn samkvæmt mati læknis. Ekki er hægt að útiloka hættuna á að blóðrauði aukist umfram viðmiðunarþröskuldinn með samhliða blóðgjöf.

Ef svörun sjúklings hverfur (þ.e. að vera óháður blóðgjöfum) á að auka Reblozyl skammtinn um eitt skammtabil (sjá töflu 2).

- *β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum*

Hjá sjúklingum sem ná ekki svörun, skilgreint sem minnkuð þörf fyrir gjöf rauðra blóðkorna um að minnsta kosti þriðjung eftir ≥ 2 skammta í röð (6 vikur) við upphafsskammtinn 1 mg/kg, á að auka skammtinn í 1,25 mg/kg. Ekki skal auka skammtinn umfram hámarksskammtinn 1,25 mg/kg á 3 vikna fresti.

Ef svörun sjúklings hverfur (ef þörf fyrir gjöf rauðra blóðkorna eykst aftur eftir upprunalega svörun), á að auka skammtinn um eitt skammtabil (sjá töflu 3).

- *β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum*

Ef sjúklingar ná ekki svörun eða ná ekki að viðhalda svörun, skilgreindri sem aukningu frá upphafsgildi á blóðrauða sem nemur ≥ 1 g/dl áður en skömmtun fer fram, eftir ≥ 2 skammta í röð (6 vikur) við sömu skömmtun (án blóðgjafa, þ.e. a.m.k. 3 vikum eftir síðustu blóðgjöf), skal auka skammtinn um eitt skammtabil (sjá töflu 3). Skammturinn á ekki að vera stærri en hámarksskammtur sem nemur 1,25 mg/kg á 3 vikna fresti.

Aukning skammta yfir á næsta stig

Aukning skammta yfir á næsta stig, byggt á núverandi skammti, er gefin upp hér að neðan.

Tafla 2: Aukning skammta yfir á næsta stig fyrir mergrangvaxtarheilkenni

Núverandi skammtur	Aukinn skammtur
0,8 mg/kg	1 mg/kg
1 mg/kg	1,33 mg/kg
1,33 mg/kg	1,75 mg/kg

Tafla 3: Aukning skammta yfir á næsta stig fyrir β -dvergekornablóðleysi

Núverandi skammtur	Aukinn skammtur
0,6 mg/kg*	0,8 mg/kg
0,8 mg/kg	1 mg/kg
1 mg/kg	1,25 mg/kg

* Á aðeins við um β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum.

Skammtaminnkun og frestun skammta

Ef blóðrauðinn eykst um > 2 g/dl innan 3 vikna án blóðgjafar, frá blóðrauðagildi við fyrri skammt, á að minnka Reblozyl skammtinn um eitt skammtabil.

Ef blóðrauðinn er ≥ 12 g/dl án blóðgjafar í a.m.k. 3 vikur á að fresta skammti þar til blóðrauði er ≤ 11 g/dl. Ef einnig er um samhliða hraða aukningu á blóðrauða að ræða frá blóðrauðagildi við fyrri skammt (> 2 g/dl innan 3 vikna án blóðgjafar), skal íhuga að minnka skammtinn um eitt bil eftir frestun skammtsins.

Ekki skal minnka skammtinn niður fyrir 0,8 mg/kg (fyrir mergrangvaxtarheilkenni eða β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum) eða niður fyrir 0,6 mg/kg (fyrir β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum).

Minnkaður skammtur meðan á meðferð með luspatcepti stendur er gefinn upp hér að neðan.

Tafla 4: Minnkaður skammtur fyrir mergrangvaxtarheilkenni

Núverandi skammtur	Minnkaður skammtur
1,75 mg/kg	1,33 mg/kg
1,33 mg/kg	1 mg/kg
1 mg/kg	0,8 mg/kg

Tafla 5: Minnkaður skammtur fyrir β -dvergekornablóðleysi

Núverandi skammtur	Minnkaður skammtur
1,25 mg/kg	1 mg/kg
1 mg/kg	0,8 mg/kg
0,8 mg/kg	0,6 mg/kg*

* Á aðeins við um β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum.

Breytingar á skömmtum vegna aukaverkana

Leiðbeiningar um hlé eða minnkun á skömmtum vegna aukaverkana sem tengjast luspatcepti er að finna í töflu 6.

Tafla 6: Leiðbeiningar varðandi breytingar á skömmtum

Aukaverkanir tengdar meðferð*	Leiðbeiningar varðandi skammta
Aukaverkanir af stigi 2 (sjá kafla 4.8), þ.m.t. háþrýstingur af stigi 2 (sjá kafla 4.4 og 4.8)	- Gera skal hlé á meðferð - Hefja skal meðferð á ný með fyrri skammti þegar aukaverkun hefur batnað eða náð upphafsgildi á ný

Aukaverkanir tengdar meðferð*	Leiðbeiningar varðandi skammta
Háþrýstingur af stigi ≥ 3 (sjá kafla 4.4 og 4.8)	- Gera skal hlé á meðferð - Hefja skal meðferð á ný með minni skammti þegar stjórn er náð á blóðþrýstingi í samræmi við leiðbeiningar um minnkun skammta
Aðrar viðvarandi aukaverkanir af stigi ≥ 3 (sjá kafla 4.8)	- Gera skal hlé á meðferð - Hefja skal meðferð á ný með fyrri skammti eða minni skammti þegar aukaverkun hefur batnað eða náð upphafsgildi á ný, í samræmi við leiðbeiningar um minnkun skammta
Blóðmyndandi fyrirferð utan mergs (extramedullary haemopoiesis masses) sem veldur alvarlegum fylgikvillum (sjá kafla 4.4 og 4.8)	Hætta skal meðferð

* Stig 1: vægar; stig 2: í meðallagi; stig 3: svæsnar; og stig 4: lífshættulegar.

Ef gleymist að gefa lyfið

Ef áætluð lyfjagjöf gleymist eða er frestað skal gefa sjúklingnum Reblozyl eins fljótt og auðið er og halda áfram skammtagjöf samkvæmt því sem ávísað er með að minnsta kosti 3 vikum á milli skammta.

Ef svörun hverfur hjá sjúklingum

Ef svörun við Reblozyl hverfur hjá sjúklingum skal meta orsakapætti (t.d. blæðingartilvik). Ef dæmigerðar orsakir fyrir hvarfi blóðfræðilegrar svörunar eru útilokaðar, skal íhuga skammtaaukningu eins og lýst er hér að ofan fyrir viðkomandi ábendingu sem verið er að veita meðferð við (sjá töflu 2 og töflu 3).

Meðferð hætt

Hætta skal notkun Reblozyl ef þörf fyrir blóðgjöf hjá sjúklingum minnkar ekki (fyrir sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum), eða hækkun verður ekki á blóðrauða frá upphafsgildi án blóðgjafa (fyrir sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum), eða þörf fyrir blóðgjöf minnkar þ.m.t. engin hækkun á blóðrauða frá upphafsgildi (fyrir sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni) eftir 9 vikna meðferð (3 skammta) af hámarksskammti ef engar aðrar skýringar á skorti á svörun finnast (t.d. blæðing, skurðaðgerð, aðrir samhliða sjúkdómar) eða ef óásættanlegar eiturverkanir eiga sér stað á einhverjum tímapunkti.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Ekki þarf að aðlaga upphafsskammt af Reblozyl (sjá kafla 5.2). Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir varðandi sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem eru ≥ 60 ára.

Skert lifrarstarfsemi

Ekki er þörf á aðlögun upphafsskammts hjá sjúklingum með heildarbílirúbín $>$ eðlileg efri mörk og/eða alanín aminótransferasa (ALAT) eða aspartat aminótransferasa (ASAT) $< 3 \times$ eðlileg efri mörk (sjá kafla 5.2).

Ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta fyrir sjúklinga með ALAT eða ASAT $\geq 3 \times$ eðlileg efri mörk eða lifrarskemmd á stigi ≥ 3 skv. CTCAE (Common Terminology Criteria for Adverse Events) vegna skorts á gögnum (sjá kafla 5.2).

Skert nýrnastarfsemi

Ekki er þörf á aðlögun upphafsskammts hjá sjúklingum með vægt eða meðalmikið skerta nýrnastarfsemi (áætlaður gaukulsíunarhraði [eGFR] einstaklings 30 til 89 ml/mín.).

Ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta fyrir sjúklinga með verulega skerta nýrnastarfsemi (eGFR einstaklings < 30 ml/mín.) vegna skorts á klínískum gögnum (sjá kafla 5.2). Komið hefur í ljós að útsetning er hærri hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi við upphaf meðferðar (sjá kafla 5.2). Þar af leiðandi skal hafa náði eftirlit með þessum sjúklingum með tilliti til aukaverkana og breyta skal skömmtum með viðeigandi hætti (sjá töflu 6).

Börn

Notkun Reblozyl á ekki við hjá börnum við ábendingunni mergrangvaxtarheilkenni, eða hjá börnum undir 6 ára aldri við β -dvergekornablóðleysi. Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun Reblozyl hjá börnum á aldrinum 6 ára til allt að 18 ára við β -dvergekornablóðleysi. Sjá forklinískar upplýsingar í kafla 5.3.

Lyfjagjöf

Til notkunar undir húð.

Eftir blöndun á að gefa Reblozyl lausn með inndælingu undir húð á upphandlegg, læri eða kvið. Reikna skal út nákvæmt heildarrúmmál skammts af blandaðri lausn sem þarf fyrir sjúklinginn og draga það hægt úr stakskammta hettuglasinu/glösunum upp í sprautu.

Ráðlagt hámarksrúmmál af lyfi á hverjum stungustað er 1,2 ml. Ef þörf er á meira en 1,2 ml skal skipta heildarrúmmálinu upp og gefa álíka mikið rúmmál í hverri inndælingu á mismunandi stungustöðum á sama svæði en á hinum helmingi líkamans.

Ef þörf er á fleiri en einni inndælingu verður að nota nýja sprautu og nál fyrir hverja inndælingu undir húð. Ekki skal gefa meira en einn skammt úr hverju hettuglasi.

Ef Reblozyl lausnin hefur verið geymd í kæli eftir blöndun skal taka hana úr kælinum 15-30 mínútum fyrir inndælingu til að hún nái stofuhita. Þetta gerir inndælinguna þægilegri.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

- Ofnæmi fyrir virka efni eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.
- Meðganga (sjá kafla 4.6).
- Sjúklingar sem þurfa á meðferð að halda til að ná stjórn á blóðmyndandi fyrirferð utan mergs (sjá kafla 4.4)

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Blóðsegarek

Hjá sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi var greint frá blóðsegareki hjá 3,6% (8/223) sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti í tvíblinda fasa lykilrannsóknarinnar og sem voru háðir blóðgjöfum og hjá 0,7% (1/134) sjúklinga sem ekki voru háðir blóðgjöfum, meðan á opna fasa lykilrannsóknarinnar stóð. Blóðsegarek sem greint var frá var m.a. segamyndun í

djúpum bláæðum, segamyndun í portæð, lungnasegarek, blóðþurrðarslag í heila og grunnlæg segabláæðabólga (sjá kafla 4.8). Allir sjúklingar sem fengu blóðsegarek höfðu gengist undir miltisnám og höfðu að minnsta kosti einn annan áhættuþátt fyrir myndun blóðsegareks (t.d. sögu um blóðflagnafjölgun eða samhliða notkun hormónauppbótarmeðferðar). Ekki var fylgni milli blóðsegareksatvika og hækkaðra blóðrauðagilda. Vega skal mögulegan ávinning af meðferð með luspatercepti á móti mögulegri hættu á blóðsegareki hjá sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem gengist hafa undir miltisnám og hafa aðra áhættuþætti fyrir myndun blóðsegareks. Íhuga skal fyrirbyggjandi segavarnarmeðferð samkvæmt gildandi klínískum leiðbeiningum hjá sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem eru í aukinni hættu.

Hjá sjúklingum með mergrangvaxtarheilkenni var greint frá blóðsegareki hjá 3,9% (13/335) sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti. Blóðsegarek sem greint var frá var m.a. blóðþurrð í heila og heilablóðfall hjá 1,2% (4/335) sjúklinga. Öll tilvik blóðsegareks komu fram hjá sjúklingum með verulega áhættuþætti (gáttatif, heilablóðfall eða hjartabilun og útlægan æðasjúkdóm) og ekki var fylgni á milli þessa og hækkaðra blóðrauðagilda, blóðflagnafjölda eða háþrýstings.

Blóðmyndandi fyrirferð utan mergs

Hjá sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum varð vart við blóðmyndandi fyrirferð utan mergs hjá 3,2% (10/315) sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti í lykilrannsókninni og í langtímarannsókn á eftirfylgni. Vart varð við einkenni mænuferingar vegna blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs hjá 1,9% (6/315) sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti (sjá kafla 4.8).

Hjá sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum varð vart við blóðmyndandi fyrirferð utan mergs hjá 6,3% (6/96) sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti í lykilrannsókninni. Einkenni mænuferingar (spinal cord compression) vegna blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs komu fram hjá 1% (1/96) sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti. Í opna hluta rannsóknarinnar varð vart við blóðmyndandi fyrirferð utan mergs hjá tveimur sjúklingum í viðbót, þ.e. alls 8/134 (6%) sjúklingum (sjá kafla 4.8).

Blóðmyndandi fyrirferð utan mergs getur versnað hjá sjúklingum og þeir kunna að fá fylgikvilla meðan á meðferð stendur. Teikn og einkenni geta verið breytileg eftir líffærum. Hafa skal eftirlit með sjúklingum í upphafi meðferðar og meðan á meðferð stendur m.t.t. einkenna og teikna eða fylgikvilla af völdum blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs og skulu þeir fá meðferð samkvæmt klínískum leiðbeiningum. Hætta á meðferð með luspatercepti ef blóðmyndandi fyrirferð utan mergs veldur alvarlegum fylgikvillum.

Hækkaður blóðþrýstingur

Í lykilrannsóknum á mergrangvaxtarheilkenni og β -dvergekornablóðleysi hjá sjúklingum sem fengu meðferð með luspatercepti var hækkun á slagbils- og hlébilsþrýstingi að meðaltali allt að 5 mmHg frá upphafsgildi (sjá kafla 4.8).

Vart varð við herra nýgengi háþrýstings á fyrstu 12 mánuðum meðferðar með luspatercepti hjá sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum (sjá kafla 4.8).

Aðeins má hefja meðferð ef viðunandi stjórn hefur náðst á blóðþrýstingi. Hafa skal eftirlit með blóðþrýstingi fyrir hverja gjöf luspatercepts. Mögulega þarf að breyta eða seinka skammtinum af luspatercepti og meðhöndla skal sjúklinga við háþrýstingi í samræmi við núgildandi klínískar leiðbeiningar (sjá töflu 6 í kafla 4.2). Endurmeta skal hugsanlegan ávinning af meðferð með Reblozyl ef um er að ræða viðvarandi háþrýsting eða versnun háþrýstings sem þegar var fyrir hendi.

Áverkabrot

Hjá sjúklingum með β -dvergkornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum varð vart við áverkabrot hjá 0,4% (1/223) sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti.

Hjá sjúklingum með β -dvergkornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum varð vart við áverkabrot hjá 8,3% (8/96) þeirra sem fengu meðferð með luspatercepti. Upplýsa skal sjúklinga um hættuna á áverkabroti.

Hjálparefni

Natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

Pólýsorbit 80

Lyfið inniheldur 0,1 mg af pólýsorbiti 80 í hverju 25 mg/hettuglasi eða 0,3 mg af pólýsorbiti 80 í hverju 75 mg/hettuglasi sem samsvarar 0,2 mg/ml. Pólýsorbit getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar formlegar, klínískar rannsóknir á milliverkunum. Samhliða notkun lyfja sem klóbinda járn hafði engin áhrif á lyfjahvörf luspatercepts.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur sem geta orðið þungaðar/Getnaðarvarnir kvenna

Konur sem geta orðið þungaðar verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með Reblozyl stendur og í a.m.k. 3 mánuði eftir síðasta skammtinn. Áður en meðferð með Reblozyl er hafin, verður að framkvæma þungunarpróf hjá konum sem geta orðið þungaðar og afhenda þeim sjúklingakort.

Meðganga

Ekki má hefja meðferð með Reblozyl ef konan er þunguð (sjá kafla 4.3). Engin gögn liggja fyrir um notkun Reblozyl hjá þunguðum konum. Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturvefkanir á æxlun (sjá kafla 5.3). Ekki má nota Reblozyl á meðgöngu (sjá kafla 4.3). Hætta skal notkun Reblozyl ef þungun á sér stað hjá sjúklingi.

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort luspatercept eða umbrotsefni skiljast út í brjóstamjól. Luspatercept greindist í mjólk hjá mjólkandi rottum (sjá kafla 5.3). Vegna þess að aukaverkanir á nýbura/ungbörn af völdum luspatercepts eru ekki þekktar, þarf að vega og meta kosti brjóstagjafar fyrir barnið og ávinning meðferðar fyrir konuna og ákveða á grundvelli matsins hvort hætta eigi brjóstagjöf meðan á meðferð með Reblozyl stendur og í 3 mánuði eftir síðasta skammtinn eða hætta meðferð með Reblozyl.

Frjósemi

Áhrif luspatercepts á frjósemi hjá mönnum eru ekki þekkt. Samkvæmt niðurstöðum úr dýrarannsóknum gæti luspatercept stofnað frjósemi kvenna í hættu (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Reblozyl hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Viðbragðsflýttir við framkvæmd slíkra athafna gæti verið skertur vegna hættu á þreytu, svima, sundli eða yfirliði (sjá kafla 4.8). Því skal ráðleggja sjúklingum að gæta varúðar þar til þeir hafa fundið hvaða áhrif verða á hæfni þeirra til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á upplýsingum um öryggi

- *Mergrangvaxtarheilkenni*

Algengustu aukaverkanirnar af lyfinu sem tilkynnt var um hjá sjúklingum sem fengu Reblozyl (a.m.k. 15% sjúklinga) voru þreyta, niðurgangur, ógleði, þröttleysi, sundl, útlímabjúgur og bakverkur. Algengustu 3. $\geq$ stigs aukaverkanirnar af lyfinu sem tilkynnt var um (hjá a.m.k. 2% sjúklinga) voru m.a. háþrýstingur (12,5%), yfirlið (3,6%), mæði (2,7%), þreyta (2,4%) og blóðflagnafæð (2,4%). Algengustu alvarlegu aukaverkanirnar af lyfinu sem tilkynnt var um (hjá a.m.k. 1% sjúklinga) voru þvagfærasýking (1,8%), mæði (1,5%) og bakverkur (1,2%).

Þröttleysi, þreyta, ógleði, niðurgangur, háþrýstingur, mæði, sundl og höfuðverkur komu oftast fyrir á fyrstu 3 mánuðum meðferðar.

Meðferð var hætt vegna aukaverkunar hjá 10,1% sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti. Algengasta ástæðan fyrir því að meðferð var hætt í hópnum sem fékk meðferð með luspatercepti var versnun á undirliggjandi mergrangvaxtarheilkenni.

Skömmtum var frestað vegna þess að blóðrauðagildi voru ≥ 12 g/dl fyrir skammt hjá 24,3% sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti.

- *β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum*

Algengustu aukaverkanirnar af lyfinu sem tilkynnt var um hjá sjúklingum sem fengu Reblozyl (að minnsta kosti 15% sjúklinga) voru höfuðverkur, beinverkir og liðverkir. Algengasta 3. $\geq$ stigs aukaverkun af lyfinu var þvagsýrudreyri. Alvarlegustu aukaverkanirnar sem tilkynnt var um voru blóðsegarek, þ.e. segamyndun í djúpum bláæðum, blóðþurrðarslag í heila, segamyndun í portæð og lungnasegarek (sjá kafla 4.4).

Beinverkir, þröttleysi, þreyta, sundl og höfuðverkur komu oftast fyrir á fyrstu 3 mánuðum meðferðar.

Meðferð var hætt vegna aukaverkunar hjá 2,6% sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti. Aukaverkanirnar sem leiddu til þess að meðferð var hætt í luspatercept arminum voru liðverkir, bakverkir, beinverkir og höfuðverkur.

- *β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum*

Algengustu aukaverkanirnar af lyfinu sem tilkynnt var um hjá sjúklingum sem fengu Reblozyl (að minnsta kosti 15% sjúklinga) voru beinverkir, höfuðverkur, liðverkir, bakverkir, vægur háþrýstingur og háþrýstingur. Alvarlegasta 3. $\geq$ stigs aukaverkunin (a.m.k. 2% sjúklinga) sem tilkynnt var um var áverkabrot. Mænuferging vegna blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs kom fram hjá 1% sjúklinga.

Beinverkir, bakverkir, sýking í efri hluta öndunarfæra, liðverkir, höfuðverkur og vægur háþrýstingur komu oftast fyrir á fyrstu 3 mánuðum meðferðar.

Meirihluti aukaverkana reyndist ekki alvarlegur og kallaði ekki á að meðferð væri hætt. Meðferð var hætt vegna aukaverkana hjá 3,1% sjúklinga sem fengu meðferð með luspatercepti. Aukaverkanirnar sem leiddu til þess að meðferð var hætt voru mænuferging, blóðmyndun utan mergs og liðverkir.

Tafla yfir aukaverkanir

Hæsta tíðni hvernar aukaverkunar sem kom fyrir og var tilkynnt hjá sjúklingum í lykilrannsóknunum m.t.t. mergrangvaxtarheilkennis, β -dvergekornablóðleysis og í langtímarannsókninni á eftirfylgni er sýnd í töflu 7 hér að neðan. Aukaverkanirnar eru taldar upp hér á eftir samkvæmt flokkun eftir líffærum og kjörhugtökum. Tíðnin er skilgreind á eftirfarandi hátt: Mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$) og tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum).

Tafla 7: Aukaverkanir hjá sjúklingum sem hlutu meðferð með Reblozyl við mergrangvaxtarheilkenni og/eða β -dvergekornablóðleysi í lykilrannsóknunum fjórum

Flokkun eftir líffærum	Kjörhugtak	Tíðni (öll stig) fyrir mergrangvaxtar- heilkenni	Tíðni (öll stig) fyrir β -dvergekorna- blóðleysi
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra	Berkjubólga	Algengar	Algengar ^a
	Þvagfærasýking	Mjög algengar	Algengar ^a
	Öndunarvegarsýking	Algengar	
	Sýking í efri hluta öndunarveg	Algengar	Mjög algengar ^a
	Inflúensa	Algengar	Mjög algengar
Blóð og eitlar	Blóðmyndun utan mergs ^{VI}	Tíðni ekki þekkt ^{VII}	Algengar
	Blóðflagnafæð	Algengar	
Ónæmiskerfi	Ofnæmi ^{I, VI}	Algengar	Algengar
Efnaskipti og næring	Þvagsýrudreyri	Algengar	Algengar
	Vessaþurrð	Algengar	
	Minnkuð matarlyst	Algengar	
	Ójafnvægi á blóðsöltum ^{IX}	Mjög algengar	
Geðræn vandamál	Svefnleysi	Algengar	Mjög algengar ^b
	Kvíði	Algengar	Algengar
	Pírringur		Algengar
	Ringlunarástand	Algengar	
Taugakerfi	Sundl	Mjög algengar	Mjög algengar
	Höfuðverkur	Mjög algengar	Mjög algengar
	Mígreni		Algengar ^b
	Mænuferging ^{VI}		Algengar
	Yfirlið/yfirliðstilfinning	Algengar	Algengar ^a
Eyru og vöndarhús	Svimi/stöðutengdur svimi	Algengar	Algengar ^a
Hjarta	Gáttatif	Algengar	
	Hjartabilun	Algengar	
Æðar	Vægur háþrýstingur		Mjög algengar ^b
	Háþrýstingur ^{II, VI}	Mjög algengar	Mjög algengar
	Hraðtaktur	Algengar	
	Blóðsegarek ^{IV, VI}	Algengar	Algengar
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	Hósti	Mjög algengar	
	Blóðnasir	Algengar	Algengar ^b
	Mæði ^{VIII}	Mjög algengar	Algengar

Flokkun eftir líffærum	Kjörhugtak	Tíðni (öll stig) fyrir mergrangvaxtar- heilkenni	Tíðni (öll stig) fyrir β-dvergekorna- blóðleysi
Meltingarfæri	Kviðverkir	Algengar	Mjög algengar ^b
	Óþægindi í kvið	Algengar	
	Niðurgangur	Mjög algengar	Mjög algengar ^a
	Ógleði	Mjög algengar	Mjög algengar
Húð og undirhúð	Ofsvitnun	Algengar	
Stoðkerfi og bandvefur	Bakverkir	Mjög algengar	Mjög algengar
	Liðverkir ^{VI}	Algengar	Mjög algengar
	Beinverkir ^{VI}	Algengar	Mjög algengar
	Vöðvaverkir	Algengar	
	Vöðvamáttleysi	Algengar	
Nýru og þvaggfæri	Próteinmiga		Algengar ^b
	Albúmínmiga		Algengar ^b
	Nýrnaskaði ^X	Algengar	
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Brjóstverkur ótengdur hjarta	Algengar	
	Inflúensulík veikindi	Algengar	
	Þreyta	Mjög algengar	Mjög algengar ^a
	Þróttleysi	Mjög algengar	Mjög algengar
	Viðbrögð á stungustað ^{III, VI}	Algengar	Algengar
	Útlimabjúgur	Mjög algengar	
Rannsóknaniðurstöður	Hækkaður alanín amínótransferasi	Algengar	Algengar ^V
	Hækkaður aspartat amínótransferasi	Algengar	Mjög algengar ^V
	Hækkaður gallrauði í blóði	Algengar	Mjög algengar ^V
	Hækkaður gamma-glútamýltransferasi	Algengar	
Áverkar, eitranir og fylgikvillar aðgerðar	Áverkabrot ^{VI}		Algengar ^b

Lykilrannsóknirnar fjórar eru ACE-536-MDS-001 (mergrangvaxtarheilkenni sem svarar ekki eða þolir ekki meðferð með lyfjum sem örva rauðkornamyndun), ACE-536-MDS-002 (MDS), ACE-536-B-THAL-001 (β-dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum) og ACE-536-B-THAL-002 (β-dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum).

^I Ofnæmi felur í sér bjúg á augnlokum, lyfjaofnæmi, þrota í andliti, bjúg í augntóttarhimnu, bjúg í andliti, ofnæmisbjúg, þrota í vörum og lyfjaútbrot.

^{II} Háþrýstingur felur í sér eðlislægan háþrýsting, háþrýsting og bráðan háþrýsting.

^{III} Viðbrögð á stungustað fela í sér roða á stungustað, kláða á stungustað, þrota á stungustað og útbrot á stungustað.

^{IV} Blóðsegarek felur í sér segamyndun í djúpum bláæðum, segamyndun í portæð, blóðþurrðarslag í heila og lungnasegarek.

^V Tíðni er byggð á rannsóknargildum á öllum stigum.

^{VI} Sjá kafla 4.8 Lýsing á völdum aukaverkunum.

^{VII} Einungis skráð eftir markaðssetningu.

^{VIII} Mæði felur í sér mæði við áreynslu í ACE-536-MDS-002.

^{IX} Ójafnvægi á blóðsöltum felur í sér efnaskiptaraskanir í tengslum við bein, kalk, magnesíum og fosfór og raskanir á jafnvægi blóðsalta og vökva.

^X Aukaverkunin felur í sér svipuð/skyld heiti.

^a Aukaverkanir sem komu fram í rannsókn á β-dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum, ACE-536-B-THAL-001.

^b Aukaverkanir sem komu fram í rannsókn á β-dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum, ACE-536-B-THAL-002.

Lýsing á völdum aukaverkunum

Beinverkir

Tilkynnt var um beinverki hjá 2,4% sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni sem fengu meðferð með luspatercepti og voru öll tilvik af stigi 1-2.

Tilkynnt var um beinverki hjá 19,7% sjúklinga með β -dvergkornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 8,3%) og voru flest tilvik (41/44) af stigi 1-2 og 3 tilvik af stigi 3. Eitt af þessum 44 tilvikum var alvarlegt og 1 tilvik leiddi til þess að meðferð var hætt. Beinverkir voru algengastir á fyrstu 3 mánuðunum (16,6%) samanborið við 4. til 6. mánuð (3,7%).

Tilkynnt var um beinverki hjá 36,5% sjúklinga með β -dvergkornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 6,1%) og voru flest tilvik (32/35) af stigi 1-2 og 3 tilvik voru af stigi 3. Enginn sjúklingur hætti meðferð vegna beinverkja.

Liðverkir

Tilkynnt var um liðverki hjá 7,2% sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni sem fengu meðferð með luspatercepti og voru 0,6% af $\geq$ stigi 3.

Tilkynnt var um liðverki hjá 19,3% sjúklinga með β -dvergkornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 11,9%) og leiddi það til þess að meðferð var hætt hjá 2 sjúklingum (0,9%).

Tilkynnt var um liðverki hjá 29,2% sjúklinga með β -dvergkornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 14,3%) og voru flest tilvik (26/28) af stigi 1-2 og 2 tilvik af stigi 3. Liðverkir leiddu til þess að meðferð var hætt hjá 1 sjúklingi (1%).

Háþrýstingur

Sjúklingar með mergrangvaxtarheilkenni og β -dvergkornablóðleysi sem fengu meðferð með luspatercepti höfðu að meðaltali allt að 5 mmHg hækkun á slagbils og hlébilsþrýstingi frá upphafsgildum sem ekki sást hjá sjúklingum sem fengu lyfleysu.

Tilkynnt var um háþrýsting hjá 12,5% sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 9,2%). Tilkynnt var um háþrýsting af stigi 3 hjá 25/335 sjúklingum (7,5%) sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 3,9%).

Tilkynnt var um háþrýsting hjá 19,8% sjúklinga með β -dvergkornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 2%). Flest tilvik (16/19) voru af stigi 1-2 og voru 3 tilvik af stigi 3 (3,1%) hjá sjúklingum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 0%). Vart varð við aukið nýgengi háþrýstings með tímanum á fyrstu 8-12 mánuðunum hjá sjúklingum með β -dvergkornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti. Sjá kafla 4.4.

Tilkynnt var um háþrýsting hjá 8,1% sjúklinga með β -dvergkornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 2,8%). Sjá kafla 4.4. Tilkynnt var um tilvik af stigi 3 hjá 4 sjúklingum (1,8%) sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 0%).

Ofnæmi

Ofnæmislík viðbrögð voru m.a. bjúgur á augnlokum, lyfjaofnæmi, þroti í andliti, bjúgur í augntóttarhimnu, bjúgur í andliti, ofnæmisbjúgur, þroti í vörum og lyfjaútbrot.

Tilkynnt var um ofnæmislík viðbrögð hjá 4,6% sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni (lyfleysa 2,6%) og voru öll tilvik af stigi 1-2 hjá sjúklingum sem fengu meðferð með luspatercepti.

Bjúgur í andliti kom fram hjá 3,1% sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum (lyfleysa 0%).

Ofnæmislík viðbrögð komu fram hjá 4,5% sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 1,8%) og voru öll tilvik af stigi 1-2. Ofnæmi leiddi til þess að meðferð var hætt hjá 1 sjúklingi (0,4%).

Viðbrögð á stungustað

Viðbrögð á stungustað voru m.a. roði á stungustað, kláði á stungustað, þroti á stungustað og útbrot á stungustað.

Tilkynnt var um viðbrögð á stungustað hjá 3,6% sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni.

Tilkynnt var um viðbrögð á stungustað hjá 2,2% sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum (lyfleysa 1,8%) og voru öll tilvik af stigi 1 og ekkert þeirra leiddi til þess að meðferð var hætt.

Tilkynnt var um viðbrögð á stungustað hjá 5,2% sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem ekki er háð blóðgjöfum (lyfleysa 0%) og voru öll tilvik af stigi 1 og ekkert þeirra leiddi til þess að meðferð var hætt.

Blóðsegarek

Blóðsegarek var m.a. segamyndun í djúpum bláæðum, segamyndun í portæð, blóðþurrðarslag í heila og lungnasegarek.

Tilkynnt var um blóðsegarek hjá 3,9% sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni (lyfleysa 3,9%). Blóðsegarek sem tilkynnt var um var m.a. blóðþurrð í heila og heilablóðfall hjá 1,2% sjúklinga. Öll tilvik blóðsegareks komu fram hjá sjúklingum með verulega áhættuþætti (gáttatif, heilablóðfall eða hjartabilun og útlægan æðasjúkdóm) og ekki var fylgni á milli þessa og hækkaðra blóðrauðagilda, blóðflagnafjölda eða háþrýstings. Sjá kafla 4.4.

Blóðsegarek kom fram hjá 3,6% sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 0,9%).

Blóðsegarek (grunnlæg segabláæðabólga) kom fram hjá 0,7% sjúklinga í opna fasa lykirlrannsóknarinnar á β -dvergekornablóðleysi sem ekki er háð blóðgjöfum.

Öll tilvik sem tilkynnt var um voru hjá sjúklingum sem höfðu farið í miltisnám og höfðu að minnsta kosti einn annan áhættuþátt. Sjá kafla 4.4.

Blóðmyndandi fyrirferð utan mergs

Blóðmyndandi fyrirferð utan mergs kom fram hjá 10/315 (3,2%) sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fengu luspatercept (lyfleysa 0%). Fimm tilvik voru af stigi 1-2, fjögur af stigi 3 og eitt tilvik af stigi 4. Þrír sjúklingar hættu meðferð vegna blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs. Sjá kafla 4.4.

Blóðmyndandi fyrirferð utan mergs kom fram hjá 6/96 (6,3%) sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum sem fengu luspatercept (lyfleysa 2%). Flestar aukaverkanir (5/6) voru af stigi 2 og ein var af stigi 1. Einn sjúklingur hætti meðferð vegna blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs. Í opna hluta rannsóknarinnar varð vart við blóðmyndandi fyrirferð utan mergs hjá tveimur sjúklingum í viðbót, þ.e. alls 8/134 (6%) sjúklingum. Flestir (7/8) voru með þessa aukaverkun af stigi 1-2 og hægt var að veita þeim hefðbundna klíniska meðferð. Hjá 6/8 sjúklingum var notkun luspatercepts haldið áfram eftir að aukaverkunin kom fram. Sjá kafla 4.4.

Blóðmyndandi fyrirferð utan mergs getur einnig komið fram eftir lengri meðferð með luspatercepti (þ.e. eftir 96 vikur).

Mænuferging

Mænuferging eða einkenni vegna blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs kom fram hjá 6/315 (1,9%) sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 0%). Fjórir sjúklingar hættu meðferð vegna ≥ 3 . stigs einkenna mænufergingar.

Mænuferging vegna blóðmyndandi fyrirferðar utan mergs kom fram hjá 1/96 (1%) sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum með sögu um blóðmyndandi fyrirferð utan mergs sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 0%). Sjúklingurinn hætti meðferð vegna 4. stigs einkenna mænufergingar. Sjá kafla 4.4.

Áverkabrot

Áverkabrot komu fram hjá 1 (0,4%) sjúklingi með β -dvergekornablóðleysi sem er háð blóðgjöfum sem fékk meðferð með luspatercepti (lyfleysa 0%).

Áverkabrot komu fram hjá 8 (8,3%) sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi sem er ekki háð blóðgjöfum sem fengu meðferð með luspatercepti (lyfleysa 2%) og var tilkynnt um tilvik af stigi ≥ 3 hjá 4 sjúklingum (4,2%) sem fengu meðferð með luspatercepti og 1 sjúklingi (2%) sem fékk lyfleysu.

Mótefnamyndun

Í klínískum rannsóknum á mergrangvaxtarheilkenni sýndi greining á 395 sjúklingum með mergrangvaxtarheilkenni, sem fengu meðferð með luspatercepti og hægt var að meta m.t.t. mótefna gegn luspatercepti, að 36 (9,1%) sjúklingar voru jákvæðir á prófi fyrir mótefnum gegn luspatercepti sem mynduðust meðan á meðferð stóð, þ.m.t. 18 (4,6%) sjúklingar sem höfðu hlutleysandi mótefni gegn luspatercepti.

Í klínískum rannsóknum á β -dvergekornablóðleysi sem er ýmist háð blóðgjöfum eða ekki háð blóðgjöfum, sýndi greining á 380 sjúklingum með β -dvergekornablóðleysi, sem fengu meðferð með luspatercepti og sem hægt var að meta m.t.t. mótefna gegn luspatercepti, að 7 (1,84%) sjúklingar voru jákvæðir á prófi fyrir mótefnum gegn luspatercepti sem mynduðust meðan á meðferð stóð, þ.m.t. 5 (1,3%) sjúklingar sem höfðu hlutleysandi mótefni gegn luspatercepti.

Þéttni luspatercepts í sermi hafði tilhneigingu til að minnka þegar mótefni gegn luspatercepti voru til staðar. Engin veruleg altæk ofnæmisviðbrögð voru tilkynnt hjá sjúklingum með mótefni gegn luspatercepti. Engin tengsl voru á milli ofnæmisviðbragða eða viðbragða á stungustað og þess að mótefni gegn luspatercepti væru til staðar. Hjá sjúklingum með mótefni gegn luspatercepti sem mynduðust meðan á meðferð stóð var líkleggra að tilkynnt væri um alvarlega meðferðartengda aukaverkun (69,4% [25/36] hjá sjúklingum sem voru jákvæðir fyrir mótefnum gegn luspatercepti *samanborið við* 45,7% [164/359] hjá sjúklingum sem voru neikvæðir fyrir mótefnum gegn luspatercepti) eða um 3. eða 4. stigs meðferðartengda aukaverkun (77,8% [28/36] hjá sjúklingum sem voru jákvæðir fyrir mótefnum gegn luspatercepti *samanborið við* 56,8% [204/359] hjá sjúklingum sem voru neikvæðir fyrir mótefnum gegn luspatercepti) samanborið við sjúklinga sem voru án mótefna gegn luspatercepti hjá þýðinu sem var með mergrangvaxtarheilkenni og var óháð blóðgjöfum.

Aðrir sérstakir sjúklingahópar

Sjúklingar með mergrangvaxtarheilkenni án járnkímfrumna (RS-)

Sjúklingar án járnkímfrumna eru líklegri til að fá alvarlegar aukaverkanir, meðferðartengdar aukaverkanir af stigi 5, aukaverkanir sem leiða til þess að meðferð með lyfinu er hætt eða skammtar minnkaðir samanborið við sjúklinga með járnkímfrumur (RS+). Í ACE-536-MDS-002 rannsókninni var hærri tíðni fyrir sumar aukaverkanir hjá sjúklingum án járnkímfrumna samanborið við sjúklinga með járnkímfrumur í báðum meðferðarhópunum. Þegar járnkímfrumu (RS) undirhóparnir í hópnum sem fékk luspatercept eru bornir saman komu þróttleysi, ógleði, uppköst, mæði, hósti, blóðsegarek, hækkaður alanín amínótransferasi,

hækkaður aspartat amínótransferasi og blóðflagnafæð oftast fram hjá undirhópnum án járnkímfrumna (RS-).

Sjúklingar með mergrangvaxtarheilkenni með óstökkbreytta stöðu SF3B1

Sjúklingar með óstökkbreytta stöðu SF3B1 eru líklegri til að fá 3. eða 4. stigs meðferðartengdar aukaverkanir, alvarlegar aukaverkanir, 5. stigs meðferðartengdar aukaverkanir, aukaverkanir sem leiða til þess að meðferð með lyfinu er hætt, skammtar minnkaðir eða hlé gert á skömmtum, samanborið við sjúklinga með stökkbreytta stöðu SF3B1. Þekktar aukaverkanir luspatercepts með $\geq 3\%$ hærri tíðni hjá luspatercept hópnum með óstökkbreytta stöðu SF3B1 voru m.a. uppköst, mæði og háþrýstingur.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtun

Ofskömmtun luspatercepts getur valdið hækkun blóðrauðagilda umfram tilætluð gildi. Ef um ofskömmtun er að ræða á að fresta meðferð með luspatercepti þar til blóðrauði er ≤ 11 g/dl.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Blóðleysislyf, önnur blóðleysislyf, ATC flokkur: B03XA06.

Verkunarháttur

Luspatercept, lyf sem örvar þroska rauðra blóðkorna, er raðbrigða samrunaprótein sem bindur valda yfirættarbindla ummyndunarvaxtarþáttar- β (TGF- β). Með því að bindast sértækum innrænum bindlum (t.d. GDF-11 og aktivíni B) hamlar luspatercept Smad2/3 boðum, sem leiðir til þroska rauðra blóðkorna með þenslu og sérhæfingu forvera rauðra blóðkorna á síðari stigum (kjarnablóðkorna) í beinmergnum og þar með endurheimta árangursríka rauðkornamyndun. Smad2/3 boð eru óeðlilega mikil í sjúkdómslíkönnum sem einkennast af árangursleysi við myndun rauðkorna, þ.e. mergrangvaxtarheilkenni og β -dvergekornablóðleysi, og í beinmerg hjá sjúklingum með mergrangvaxtarheilkenni.

Stökkbreytingar í líkamsfrumum hjá sjúklingum með mergrangvaxtarheilkenni

Sýnt var fram á klínískan ávinning og yfirburði luspatercepts fram yfir epóetíni alfa fyrir mismunandi stökkbreytingar í genum sem sjást oft hjá sjúklingum með lághættu mergrangvaxtarheilkenni, að undanskildum CBL genastökkbreytingum.

Verkun og öryggi

• Mergrangvaxtarheilkenni

Verkun og öryggi luspatercepts var metið í 3. stigs, fjölsetra, slembiraðaðri, opinni rannsókn með virkum samanburði COMMANDS (ACE-536-MDS-002), þar sem luspatercept var borið saman við epóetín alfa hjá sjúklingum með blóðleysi af völdum mergrangvaxtarheilkennis með mjög litla, litla eða meðalmikla áhættu skv. IPSS-R (International Prognostic Scoring System-Revised) eða með æxli af völdum mergrangvaxtar/mergfrumnafjölgunar með járnkímfrumum og blóðflagnafjölgun (MDS/MPN RS-T) hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið meðferð með lyfi sem örvar rauðkornamyndun (ESA-lyfi) (með innlæga sermisþéttni

rauðkornavaka (sEPO) sem nemur < 500 e./l) sem þurfa á gjöf rauðra blóðkorna að halda. Til að taka þátt í rannsókninni þurftu sjúklingar að hafa fengið 2 til 6 einingar af rauðum blóðkornum/8 vikur staðfest í a.m.k. 8 vikur rétt fyrir slembiröðun. Sjúklingar með mergrangvaxtarheilkenni með 5q úrfellingu (del5q) voru útilokaðir frá rannsókninni.

Sjúklingar fengu meðferð í a.m.k. 24 vikur, nema sjúklingurinn fengi óviðunandi eiturvekanir, drægi samþykki sitt til baka eða uppfyllti önnur skilyrði fyrir því að hætta meðferð. Meðferðinni var haldið áfram eftir viku 24 ef klínískur ávinningur var til staðar (skilgreint sem minnkun blóðgjafa um ≥ 2 einingar af rauðum blóðkornum/8 vikum miðað við upphafsgildi) og ef ekki var um sjúkdómsversnun að ræða. Samkvæmt niðurstöðu þessa mats voru sjúklingar annaðhvort látnir hætta meðferð og voru skráðir í eftirlit eftir meðferðina eða héldu áfram í opnu rannsókninni (með luspatercepti eða epóetíni alfa) meðan ofangreind skilyrði voru áfram uppfyllt eða sjúklingurinn fékk óviðunandi eiturvekanir, dró samþykki sitt til baka eða uppfyllti einhver önnur skilyrði fyrir því að hætta meðferð.

Alls var 356 sjúklingum slembiraðað til að fá 1 mg/kg af luspatercepti (N = 182) undir húð á 3 vikna fresti eða 450 ein./kg af epóetíni alfa (N = 181) undir húð einu sinni í viku. Slembiröðunin var lagskipt eftir fjölda gjafa rauðra blóðkorna, stöðu járnkímfrumna (RS status) og innlægni sermispéttni rauðkornavaka (sEPO) í upphafi. Tvær skammtabilsaukningar voru leyfðar með luspatercepti (í 1,33 mg/kg og í 1,75 mg/kg). Skömmtum var frestað og síðan minnkaðir vegna aukaverkana, minnkaðir ef blóðrauði jókst um ≥ 2 g/dl frá fyrri lotu og frestað ef blóðrauði fyrir skammt var ≥ 12 g/dl. Allir sjúklingarnir fengu ákjósanlegustu stuðningsmeðferð sem völ var á, sem fól í sér gjöf rauðra blóðkorna, lyf við sýkingum af völdum baktería, veira og sveppa og næringarstuðningsmeðferð eftir þörfum. Ákjósanlegasta stuðningsmeðferðin í þessari rannsókn útilokaði notkun lyfja sem örva rauðkornamyndun (ESA-lyf) utan rannsóknarmeðferðarinnar. Helstu eiginleikar sjúkdóms í upphafi rannsóknar ACE-536-MDS-002, hjá sjúklingum með mergrangvaxtarheilkenni eru sýndir í töflu 8.

Tafla 8. Lýðfræðilegir eiginleikar og eiginleikar sjúkdóms í upphafi hjá sjúklingum með mergrangvaxtarheilkenni í ACE-536-MDS-002

	Luspatercept (N = 182)	Epóetín alfa (N = 181)
Lýðfræðilegir eiginleikar		
Aldur^a (ár)		
Miðgildi (lág., há.)	74 (46, 93)	74 (31, 91)
Aldurshópar, n (%)		
≤ 64 ár	27 (14,8)	25 (13,8)
65-74 ár	68 (37,4)	66 (36,5)
≥ 75	87 (47,8)	90 (49,7)
Kyn, n (%)		
Karlkyn	109 (59,9)	92 (50,8)
Kvenkyn	73 (40,1)	89 (49,2)
Kynþáttur, n (%)		
Asískur	19 (10,4)	25 (13,8)
Svartur	2 (1,1)	0
Hvítur	146 (80,2)	143 (79)
Ekki athugaður eða skráður	15 (8,2)	13 (7,2)
Eiginleikar sjúkdóms		
Blóðrauði (g/dl), n (%)^b		
Miðgildi (lág., há.)	7,80 (4,7; 9,2)	7,80 (4,5; 10,2)
Tími frá upphaflegri greiningu mergrangvaxtarheilkennis (mánuðir)^c		
Miðgildi	7,97	5,13

	Luspatercept (N = 182)	Epóetín alfa (N = 181)
Rauðkornavaki í sermi (ein./l) flokkar, n (%)^d		
≤ 200	145 (79,7)	144 (79,6)
Gjöf luspatercepts hjá karlrottum í skömmtum sem voru stærri en núverandi ráðlagður hámarksskammtur fyrir menn hafði engar aukaverkanir á æxlunarfæri karldýra eða getu þeirra til mökunar og myndunar lífvænlegra fósturvísa. Stærsti skammturinn sem prófaður var hjá karlrottum gaf útsetningu sem var um það bil 7-föld klínísk útsetning.

Þroski fóstura/fósturvísa

Rannsóknir á eiturverkunum á þroska fóstura/fósturvísa (skammtastærðarrannsóknir og lokarannsóknir) voru gerðar á þunguðum rottum og kanínum. Í lokarannsóknunum voru skammtar sem voru allt að 30 mg/kg eða 40 mg/kg á viku gefnir tvisvar meðan á líffæramyndun stóð. Luspatercept hafði valbundnar eiturverkanir á þroska hjá rottum (engin áhrif á móður, áhrif á fóstur) og eiturverkanir bæði á móður og þroska fósturs hjá kanínum (bæði áhrif á móður og fóstur). Áhrif á fóstur og fósturvísa sáust hjá báðum tegundum sem voru m.a. fækkun lifandi fóstura, minnkuð þyngd fóstura, fjölgun fósturvísana, fósturlát eftir hreiðrun og breytingar á beinagrind og, hjá kanínufóstrum, vanskapanir í rifbeinum og hryggjalliðum. Hjá báðum tegundum sáust áhrif luspatercepts í rannsóknum á þroska fóstura/fósturvísa við minnsta skammt sem rannsakaður var, 5 mg/kg, sem samsvarar áætlaðri útsetningu hjá rottum og kanínum sem er u.þ.b. 2,7 og 5,5-falt meiri, talið upp í sömu röð, en áætluð klínísk útsetning.

Þroski fyrir og eftir got

Í rannsókn á þroska fyrir og eftir got með skömmtum sem voru 3, 10, og 30 mg/kg, gefnum einu sinni á 2 vikna fresti frá 6. degi meðgöngu til og með 20. dags eftir got samanstóðu aukaverkanir af öllum skömmtum af minni þyngd F₁ unga af báðum kynjum við fæðingu, meðan á þeir voru á spena og á 28. degi eftir að þeir hættu á spena; minni líkamsþyngd snemma á tímabilinu áður en pörun á sér stað (vikur 1 og 2) hjá F₁ kvendýrum (aukaverkun aðeins af 30 mg/kg/skammti) og minni líkamsþyngd hjá F₁ karldýrum á tímabilinu áður en pörun á sér stað, meðan hún á sér stað og eftir að hún á sér stað; og smásæjum breytingum í nýrum hjá F₁ ungum. Að auki voru niðurstöður án skaðlegra áhrifa sem fólu í sér seinkaðan kynþroska karldýra við 10 og 30 mg/kg/skammta. Seinkunin á vexti og aukaverkanir á nýru, hjá F₁

kynslóðinni, útilokuðu ákvörðun marka um engin merkjanleg, skaðleg áhrif fyrir almennar eiturverkanir og eiturverkanir á þroska hjá F₁. Hins vegar voru engin áhrif á hegðunarstuðla, frjósemi eða æxlunarbreytur, af neinum skammtastærðum hjá hvorugu kyni og því voru mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif fyrir atferlismat, frjósemi og æxlun hjá F₁ dýrum talin vera 30 mg/kg/skammtur. Luspatercept fer yfir fylgju hjá ungafullum rottum og kaninum og útskilst í mjólk hjá mjólkandi rottum.

Eiturverkanir á ung dýr

Í rannsókn á ungum rottum var luspatercept gefið frá 7. degi eftir fæðingu til 91. dags eftir fæðingu í skömmtum sem voru 0, 1, 3, eða 10 mg/kg. Margar af niðurstöðunum sem fengust í rannsóknum á eiturverkunum eftir endurtekna skammta hjá fullorðnum rottum voru endurteknar hjá ungu rottunum. Þessar niðurstöður voru m.a.: gauklabólga í nýrum; blæðing/vökvasókn, drep og steinefnaútfelling í nýrnahettum, steinefnaútfelling í slímhúð magans, minnkuð þyngd hjarta og þroti á afturfótum/fótleggjum. Luspatercept-tengdar niðurstöður sem voru sértækar fyrir ungar rottur voru m.a. rýrnun/vanvöxtur í mergvef nýrna, seinkun á meðalaldri kynþroska hjá karldýrum, áhrif á æxlunargetu (lægri þörunarstuðull), og minnkun á steinefnaþéttni í beinum án skaðlegra áhrifa bæði hjá karlrottum og kvenrottum. Áhrifin á æxlunargetu sáust eftir meira en 3 mánaða batatímabil, sem bendir til varanlegra áhrifa. Þó að afturkræfni á rýrnun/vanvöxt hafi ekki verið rannsökuð, er einnig talið að þessi áhrif séu óafturkræf. Aukaverkanir á nýru og æxlunarfæri greindust við klínískt mikilvægar útsetningar og sáust við lægsta skammt sem prófaður var og því var ekki sýnt fram á mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif. Að auki greindust illkynja blóðsjúkdómar í 3 af 44 rottum sem skoðaðar voru í hópnum sem fékk stærsta skammtinn (10 mg/kg). Þessar niðurstöður teljast allar mögulegir áhættuþættir fyrir börn.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Sítrónusýrueinhýdrat (E330)
Natríumsítrat (E331)
Pólýsorbit 80 (E433)
Súkrósi
Saltsýra (til stillingar á pH)
Natríumhýdroxíð (til stillingar á pH)

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf en þau sem nefnd eru í kafla 6.6.

6.3 Geymslupól

Órofið hettuglas

5 ár.

Eftir blöndun

Sýnt hefur verið fram á eðlis- og efnafræðilegan stöðugleika blandaða lyfsins, sé það geymt í upprunalegum umbúðum, í allt að 8 klst. við stofuhita ($\leq 25^{\circ}\text{C}$), eða í allt að 24 klst. við 2°C - 8°C .

Af örverufræðilegum ástæðum skal nota lyfið strax. Ef lyfið er ekki notað strax eru geymslutími við notkun og aðstæður fyrir notkun á ábyrgð notanda og skal ekki geyma lyfið lengur en í 24 klst. við 2°C - 8°C .

Ekki má frysta blönduðu lausnina.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C-8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald

Reblozyl 25 mg stungulyfsstofn, lausn

Hettuglas úr gleri af gerð 1, 3 ml, með vatnsfælinni innri húð sem er lokað með brómóbútýlgúmmítappa og álinnsigli með gulu pólýprópýlen loki sem smellt er af.

Reblozyl 75 mg stungulyfsstofn, lausn

Hettuglas úr gleri af gerð 1, 3 ml, með vatnsfælinni innri húð sem er lokað með brómóbútýlgúmmítappa og álinnsigli með appelsínugulum pólýprópýlen loki sem smellt er af.

Pakkingastærð: 1 hettuglas

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Reblozyl verður að blanda varlega áður en það er gefið. Forðast skal að hrista kröftuglega.

Blöndun lyfsins

Reblozyl er afgreitt sem frostþurrkað duft til blöndunar fyrir notkun. Eingöngu skal nota vatn fyrir stungulyf til blöndunar Reblozyl.

Til að ná tilætluðum skammti skal nota viðeigandi fjölda hettuglasa af Reblozyl til blöndunar. Nota verður sprautu með viðeigandi kvarða við blöndunina til að tryggja nákvæman skammt.

Fylgja skal eftirfarandi skrefum við blöndunina:

1. Fjarlægjið litaða lokið af hettuglasinu og þurrkið efsta hlutann með alkóhólþurrku.
2. Reblozyl 25 mg stungulyfsstofn, lausn
Bætið 0,68 ml af vatni fyrir stungulyf í hettuglasið með sprautu með viðeigandi kvarða með nál sem beinið flæðinu á frostþurrkaða duftið. Látið standa í eina mínútu. Hvert 25 mg stakskammta hettuglas gefur að minnsta kosti 0,5 ml af 50 mg/ml luspatercepti.
Reblozyl 75 mg stungulyfsstofn, lausn
Bætið 1,6 ml af vatni fyrir stungulyf í hettuglasið með sprautu með viðeigandi kvarða með nál sem beinir flæðinu á frostþurrkaða duftið. Látið standa í eina mínútu. Hvert 75 mg stakskammta hettuglas gefur að minnsta kosti 1,5 ml af 50 mg/ml luspatercepti.
3. Fleygið nálinni og sprautunni sem notaðar voru við blöndunina. Notið þær ekki til inndælingar undir húð.
4. Hvirflið hettuglasinu varlega í hringi í 30 sekúndur. Hættið að snúa hettuglasinu og látið það standa upprétt í 30 sekúndur.
5. Skoðið hettuglasið með tilliti til óuppleysts dufts í lausninni. Ef óuppleyst duft sést skal endurtaka skref 4 þar til duftið er fullkomlega uppleyst.
6. Hvolfið hettuglasinu og hvirflið því varlega á hvolfi í 30 sekúndur. Snúið hettuglasinu aftur í upprétta stöðu og látið það standa í 30 sekúndur.

7. Endurtakið skref 6 sjö sinnum til viðbótar til að tryggja fullkomna upplausn efnis innan á hliðum hettuglassins.
8. Skoðaðu blönduðu lausnina fyrir gjöf lyfsins. Eftir rétta blöndun er Reblozyl blönduð lausn litlaus eða gulleit, tær eða örlítið ópallýsandi lausn án sýnilegra agna. Ekki má nota lausnina ef óuppleyst lyf eða aðskotaagnir eru sýnilegar.
9. Ef blandaða lausnin er ekki notuð strax, sjá kafla 6.3 um geymsluaðstæður.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Bristol-Myers Squibb Pharma EEIG
Plaza 254
Blanchardstown Corporate Park 2
Dublin 15, D15 T867
Írland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/20/1452/001
EU/1/20/1452/002

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 25. júní 2020
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 14. febrúar 2025

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu
<http://www.ema.europa.eu>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

**A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG
FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**

Heiti og heimilisfang framleiðanda líffræðilegra virkra efna

Lonza Biologics Tuas Pte Ltd.
35 Tuas South Ave. 6,
Singapore, Singapore 637377
Singapore

Biogen MA Inc.
5000 Davis Dr
Research Triangle Park, NC
27709
Bandaríkin

Swords Laboratories Unlimited Company
Cruiserath Road, Mulhuddart,
Dublin 15, D15 H6EF
Írland

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Celgene Distribution B.V.
Orteliuslaan 1000
3528 BD Utrecht
Holland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

- **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

**D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ
NOTKUN LYFSINS**

- **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu;
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun samkvæmt tímaáætlun sem samþykkt er af CHMP.

• Viðbótaraðgerðir til að lágmarka áhættu

Fyrir markaðssetningu Reblozyl í hverju aðildarríki skal markaðsleyfishafi komast að samkomulagi við lögbært yfirvald um innihald og framsetningu fræðsluáætlunarinnar, þ.m.t. samskiptamiðla, dreifingarfyrrkomulag og aðra þætti áætlunarinnar.

Markaðsleyfishafi skal tryggja að í hverju aðildarríki þar sem Reblozyl er markaðssett fái allir heilbrigðisstarfsmenn sem ætla að ávísa Reblozyl upplýsingapakka fyrir heilbrigðisstarfsmenn sem inniheldur eftirfarandi:

1. Upplýsingar um hvar nýjustu samantekt á eiginleikum lyfs er að finna;
2. Gátlista fyrir heilbrigðisstarfsmenn;
3. Sjúklingakort (eingöngu fyrir konur sem geta orðið þungaðar).

Gátlisti fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Nota skal gátlista fyrir heilbrigðisstarfsfólk áður en meðferð er hafin, við sérhverja lyfjagjöf og síðan með reglubundnu millibili við eftirfylgni.

Gátlisti fyrir heilbrigðisstarfsmenn skal innihalda eftirfarandi lykilatriði:

- Upplýsingar um dýrarannsóknir sem sýna eitruverkanir luspatercepts á æxlun og fósturvísu/fóstur sem eru ástæða þess að ekki má nota lyfið á meðgöngu.
- Áminningu um að luspatercept er ekki ætlað til notkunar á meðgöngu og handa konum á barneignaraldri sem ekki nota örugga getnaðarvörn.
- Nauðsyn þess að veita ráðgjöf áður en meðferð hefst og reglulega eftir það varðandi mögulega vansköpunaráhættu luspatercepts og nauðsynleg úrræði til að draga úr þeirri áhættu.
- Nauðsynlegt er að framkvæma þungunarpróf og sá sem ávísar lyfinu verður að staðfesta neikvæða niðurstöðu áður en meðferð hefst. Þungunarprófið þarf að endurtaka með viðeigandi millibili.
- Sjúklingar verða að nota mjög örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með luspatercept stendur.
- Á meðan á meðferð stendur mega konur ekki verða þungaðar. Verði kona þunguð eða ætli sér að verða þunguð, skal hætta meðferð með luspatercept. Konur á barneignaraldri verða að nota mjög örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með luspatercepti stendur og í að minnsta kosti 3 mánuði eftir að meðferð með luspatercept er hætt.
- Veita ráðgjöf ef um þungun er að ræða og meta útkomu meðgöngu.
- Ef þungun er staðfest meðan á meðferð stendur eða innan 3 mánaða frá því að meðferð með luspatercept var hætt, skal minna sjúklinginn á að slíkt skuli tilkynna til heilbrigðisstarfsmanns, lögbærra yfirvalda og/eða BMS með því að hafa samband í netfang staðarfulltrúa eða heimsækja vefslóðina sem gefin er upp í upplýsingaefninu, óháð neikvæðum niðurstöðum sem koma fram.

Sjúklingakort (eingöngu fyrir konur sem geta orðið þungaðar)

Afhenda skal konu sem getur orðið þunguð sjúklingakort um leið og meðferð hefst. Heilbrigðisstarfsmenn skulu biðja konuna um að staðfesta að hún eigi sjúklingakortið fyrir seinni lyfjagjafir og afhenda nýtt sjúklingakort eftir þörfum.

Sjúklingakortið á að innihalda eftirfarandi lykilatriði:

- Upplýsingar fyrir konur sem geta orðið þungaðar:
- Nauðsyn þess að fá neikvæða niðurstöðu úr þungunarprófi áður en byrjað er á meðferð með luspatercepti hjá konum sem geta orðið þungaðar.
- Nauðsyn þess að konur sem geta orðið þungaðar noti að minnsta kosti eina mjög örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með luspatercepti stendur og í að minnsta kosti 3 mánuði eftir að meðferð er hætt.
- Nauðsyn þess að láta lækinn vita ef grunur er um þungun eða þungun er staðfest meðan á meðferð stendur og í 3 mánuði eftir að meðferð er hætt.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

Reblozyl 25 mg stungulyfsstofn, lausn
luspatercept

2. VIRK(T) EFNI

Hvert hettuglas inniheldur 25 mg af luspatercepti. Eftir blöndun inniheldur hver ml af lausn 50 mg af luspatercepti.

3. HJÁLPAREFNI

Hjálparefni: sítrónusýrueinhýdrat (E330), natríumsítrat (E331), pólýsorbit 80 (E433), súkrósi, saltsýra, natríumhýdroxíð.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn, lausn

1 hettuglas

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til notkunar undir húð.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Bristol-Myers Squibb Pharma EEIG
Plaza 254
Blanchardstown Corporate Park 2
Dublin 15, D15 T867
Írland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/20/1452/001

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

REBLOZYL 25 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM
LÍTILLA EININGA**

HETTUGLAS

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Reblozyl 25 mg stungulyfsstofn
luspatercept
s.c.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

6. ANNAÐ

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

Reblozyl 75 mg stungulyfsstofn, lausn
luspatercept

2. VIRK(T) EFNI

Hvert hettuglas inniheldur 75 mg af luspatercepti. Eftir blöndun inniheldur hver ml af lausn 50 mg af luspatercepti.

3. HJÁLPAREFNI

Hjálparefni: sítrónusýrueinhýdrat (E330), natríumsítrat (E331), pólýsorbit 80 (E433), súkrósi, saltsýra, natríumhýdroxíð.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn, lausn

1 hettuglas

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til notkunar undir húð.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Bristol-Myers Squibb Pharma EEIG
Plaza 254
Blanchardstown Corporate Park 2
Dublin 15, D15 T867
Írland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/20/1452/002

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

REBLOZYL 75 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM
LÍTILLA EININGA**

HETTUGLAS

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Reblozyl 75 mg stungulyfsstofn
luspatercept
s.c.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

6. ANNAÐ

B. FYLGISEDILL

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Reblozyl 25 mg stungulyfsstofn, lausn
Reblozyl 75 mg stungulyfsstofn, lausn
luspatercept

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækninn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Reblozyl og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Reblozyl
3. Hvernig nota á Reblozyl
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Reblozyl
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Reblozyl og við hverju það er notað

Reblozyl inniheldur virka efnið luspatercept. Það er notað við:

Mergrangvaxtarheilkenni

Mergrangvaxtarheilkenni er samsafn margra mismunandi blóð og beinmergskvilla.

- Rauð blóðkorn verða óeðlileg og þroskast ekki eðlilega.
- Sjúklingar geta fengið ýmis einkenni, m.a. fá rauð blóðkorn (blóðleysi) og gætu þurft að fá gjöf rauðra blóðkorna.

Reblozyl er notað hjá fullorðnum sem eru með blóðleysi af völdum mergrangvaxtarheilkennis og þurfa á gjöf rauðra blóðkorna að halda.

Beta-dvergekornablóðleysi

β-dvergekornablóðleysi er arfgengur blóðsjúkdómur.

- Hann hefur áhrif á myndun blóðrauða (hemóglóbíns).
- Sjúklingar geta fengið ýmis einkenni, m.a. verið með fá rauð blóðkorn (blóðleysi) og gætu þurft á gjöf rauðra blóðkorna að halda.

Reblozyl er notað til meðferðar á blóðleysi hjá fullorðnum með β-dvergekornablóðleysi sem þurfa eða þurfa ekki reglulega gjöf rauðra blóðkorna.

Verkun Reblozyl

Reblozyl eykur getu líkamans til að mynda rauð blóðkorn. Rauð blóðkorn innihalda blóðrauða sem er prótein sem flytur súrefni um líkamann. Eftir því sem líkaminn framleiðir fleiri rauð blóðkorn, hækkar magn blóðrauða.

Fyrir sjúklinga með mergrangvaxtarheilkenni og β-dvergekornablóðleysi sem eru háðir reglulegum blóðgjöfum

Notkun Reblozyl getur komið í veg fyrir eða dregið úr þörfinni fyrir gjöf rauðra blóðkorna.

- Gjafir rauðra blóðkorna geta valdið óeðlilega miklu járn í blóði og ýmsum líffærum í líkamanum. Það getur verið hættulegt með tímanum.

Fyrir sjúklinga með β -dvergekornablóðleysi sem eru ekki háðir reglulegum blóðgjöfum
Notkun Reblozyl getur bætt blóðleysið með því að hækka blóðrauðagildin.

2. Áður en byrjað er að nota Reblozyl

Ekki má nota Reblozyl

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir luspatarcepti eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef um þungun er að ræða (sjá kaflann Meðganga).
- ef þú þarft á meðferð að halda til að ná stjórn á blóðmyndandi frumum utan beinmergs.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en Reblozyl er notað ef:

- þú ert sjúklingur með β -dvergekornablóðleysi:
 - og hefur gengist undir miltisnám. Þú gætir verið í aukinni hættu á að fá blóðtappa. Læknirinn mun ræða við þig um aðra mögulega áhættuþætti sem geta aukið hættuna hjá þér – en það eru:
 - hormónauppbótarmeðferð eða
 - fyrri saga um blóðtappa.
- þú ert sjúklingur með mergrangvaxtarheilkenni:
 - og hefur fengið heilablóðfall eða átt við hjartasjúkdóm eða blóðrásarvandamál að stríða. Þú gætir verið í aukinni hættu á að fá blóðtappa. Læknirinn gæti notað fyrirbyggjandi ráðstafanir eða lyf til þess að draga úr líkunum á því að þú fái blóðtappa.
- þú ert með mikla bakverki sem hverfa ekki, dofa eða máttleysi eða stjórn á sjálfráðum hreyfingum handa, handleggja og fótleggja tapast, stjórn á hægðum eða þvagi (saurleki og þvagleki) tapast. Þetta geta verið einkenni um blóðmyndandi fyrirferð utan mergs og þrýsting á mænuna (mænuferging).
- þú hefur einhvern tíma haft háan blóðþrýsting – það er vegna þess að Reblozyl getur hækkað hann. Blóðþrýstingurinn verður mældur áður en þú færð Reblozyl og meðan á meðferð stendur. Þú færð aðeins Reblozyl ef stjórn hefur náðst á blóðþrýstingi
- þú ert með sjúkdóm sem hefur áhrif á styrkleika og heilbrigði beina (beinrýrð og beinþynning). Hugsanlega er aukin hættan á beinbrotum.

Reglulegar rannsóknir

Tekin verður blóðprufa fyrir hvern skammt af lyfinu. Það er vegna þess að læknirinn verður að ganga úr skugga um að blóðrauðagildin þín séu hæfileg fyrir meðferðina.

Ef þú ert með nýrnavandamál gæti læknirinn gert fleiri rannsóknir.

Börn og unglingar

Ekki er mælt með að gefa lyfið börnum og unglingum yngri en 18 ára.

Notkun annarra lyfja samhliða Reblozyl

Látið lækninn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga

- Ekki má nota lyfið á meðgöngu og í að minnsta kosti 3 mánuði áður en þungun á sér stað. Reblozyl getur skaðað ófætt barn þitt.
- Læknirinn mun gera ráðstafanir fyrir þungunarpróf áður en meðferðin hefst og afhenda þér sjúklingakort.
- Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Brjóstagjöf

- Ekki má hafa barn á brjósti meðan á meðferð með lyfinu stendur og í 3 mánuði eftir síðasta skammtinn. Ekki er þekkt hvort lyfið skilst út í brjóstamjól.

Getnaðarvarnir

- Nota verður örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með Reblozyl stendur og í að minnsta kosti 3 mánuði eftir síðasta skammtinn.

Ræddu við lækinn um getnaðarvarnir sem gætu hentað þér á meðan þú ert á meðferð með lyfinu.

Frjósemi

Ef þú ert kona gæti lyfið valdið frjósemisvandamálum. Það getur haft áhrif á getu þína til að eignast barn. Ræddu við lækinn og fáðu ráðleggingar áður en þú notar lyfið.

Akstur og notkun véla

Þú gætir fundið fyrir þreytu, sundli eða yfirliðstilfinningu á meðan þú ert á meðferð með Reblozyl. Ef það gerist skaltu ekki aka eða nota nein verkfæri eða vélar, heldur hafa samband við lækinn án tafar.

Reblozyl inniheldur natríum og pólýsorbit 80

Natríum: Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

Pólýsorbit 80: Lyfið inniheldur 0,1 mg pólýsorbit 80 í hverju 25 mg/hettuglasi eða 0,3 mg af pólýsorbiti 80 í hverju 75 mg/hettuglasi sem samsvarar 0,2 mg/ml. Pólýsorbit getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Láttu lækinn vita ef þú ert með einhver þekkt ofnæmi.

3. Hvernig nota á Reblozyl

Áður en þú færð lyfið hefur lækinn tekið blóðprufur og ákveðið hvort þú þurfir Reblozyl.

Reblozyl verður gefið með inndælingu undir húð.

Hve mikið þér verður gefið

Skammturinn fer eftir líkamspunga þínum – í kílóum. Inndælingarnar verða gefnar af lækni, hjúkrunarfræðingi eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni.

- Ráðlagður upphafsskammtur er 1 mg fyrir hvert kíló líkamspýngdar.
- Þennan skammt á að gefa einu sinni á þriggja vikna fresti.
- Læknirinn mun hafa eftirlit með árangrinum og gæti breytt skammtinum ef þörf er á.

Læknirinn mun fylgjast með blóðþrýstingnum á meðan þú ert á meðferð með Reblozyl.

Mergrangvaxtarheilkenni

Stakur skammtur er að hámarki 1,75 mg fyrir hvert kíló líkamspýngdar.

Beta-dvergekornablóðleysi

Stakur skammtur er að hámarki 1,25 mg fyrir hvert kíló líkamspýngdar.

Ef gleymist að nota Reblozyl

Ef inndæling af Reblozyl gleymist, eða pöntuðum tíma seinkar, muntu fá Reblozyl inndælingu eins fljótt og auðið er. Síðan muntu fá skammtinn áfram eins og ávísað hefur verið – með að minnsta kosti 3 vikum á milli skammta.

Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Láttu lækinn tafarlaust vita ef vart verður við eitthvað af eftirfarandi:

- erfiðleika við að ganga eða tala, sundl, jafnvægisleysi og samhfingarleysi, dofa eða lömun í andliti, fótlegg eða handlegg (oft á annarri hlið líkamans), eða þokusýn. Þetta geta allt verið einkenni um heilablóðfall.
- þrota og þrengslatilfinningu ásamt verkjum í fótlegg eða handlegg (blóðtappar).
- mikla bakverki sem hverfa ekki, dofa eða máttleysi eða að stjórn á sjálfráðum hreyfingum handleggja og fótleggja tapast, stjórn á hægðum eða þvagi (saurleki og þvagleki) tapast. Þetta geta verið einkenni um blóðmyndandi fyrirferð utan mergs og þrýsting á mænuna (mænuferging).
- þrota á svæðinu í kringum augun, í andliti, vörum, munni, tungu eða koki.
- Ofnæmisviðbrögð.
- útbrot.

Aðrar aukaverkanir eru meðal annars:

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- hósti.
- öndunarerfiðleikar eða mæði.
- þroti á fótleggjum eða handleggjum.
- háþrýstingur án einkenna eða ásamt höfuðverk.
- sýking í efri hluta öndunarfæra.
- flensueinkenni eða flensulík einkenni.
- sundl, höfuðverkur.
- niðurgangur, ógleði.
- Magaverkir.
- bakverkir, liðverkir eða beinverkir.
- þreyta eða máttleysi.
- erfiðleikar við að sofna eða sofa.
- breytingar á niðurstöðum blóðrannsóknna (hækkuð lifrarendím, hækkað kreatínín í blóði). Þetta geta verið einkenni lifrar- og nýrnakvilla.
- krampar, sundl, óreglulegur hjartsláttur, ruglun. Þetta geta verið einkenni af mikils eða of lítills magns af tilteknum steinefnum í líkamanum (ójafnvægi á blóðsöltum).

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- sýking í brjóstholi.
- yfirlið, tilfinning um að allt hringsnúist, ringlun.
- minnkuð matarlyst.
- Kviðverkur.
- beinbrot af völdum áverka.
- Vöðvaverkir.
- Brjóstverkur.
- minni vöðvastyrkur.
- hringlaga rauðir/fjólubláir deplar á stærð við tituprjónshaus.
- mar kemur auðveldlega fram, blóðnasir eða blæðing í tannholdi
- mikill höfuðverkur öðrum megin í höfðinu.
- mjög hraður hjartsláttur (hraðtaktur).
- roði, sviði og verkur á stungustað (viðbrögð á stungustað) eða þroti og kláði í húð (roði á stungustað).

- nýrun starfa ekki eðlilega.
- óvenjumikil svitnun.
- hækkuð gildi þvagsýru í blóði (kemur fram í rannsóknum).
- vökvaskortur í líkamanum (vessaþurrð).
- Þvagfærasýking.
- froðukennt þvag. Þetta getur verið einkenni um of mikið magn próteins í þvagini (próteinmiga og albúminmiga).
- mæði við hreyfingu eða í liggjandi stöðu. Þetta getur verið einkenni hjartabilunar.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Reblozyl

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og hettuglasinu á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Órofin hettuglös: Geymið í kæli (2°C – 8°C). Má ekki frjósa. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Eftir að Reblozyl er fyrst opnað og blandað skal nota það strax. Ef það er ekki notað strax má geyma blandaða lausn í upprunalegum umbúðum í allt að 8 klst. við stofuhita ($\leq 25^{\circ}\text{C}$) eða í allt að 24 klst. við 2°C – 8°C.

Blönduð lausn má ekki frjósa.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislislagir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Reblozyl inniheldur

- Virka innihaldsefnið er luspatercept. Hvert hettuglas inniheldur 25 mg eða 75 mg af luspatercepti. Eftir blöndun inniheldur hver ml af lausn 50 mg af luspatercepti.
- Önnur innihaldsefni eru sítrónusýrueinhýdrat (E330), natríumsítrat (E331), pólýsorbit 80 (E433), súkrósi, saltsýra (til stillingar á pH) og natríumhýdroxíð (til stillingar á pH). Sjá kafla 2 – Reblozyl inniheldur natríum og pólýsorbit 80.

Lýsing á útliti Reblozyl og pakkingastærðir

Reblozyl er hvítt eða beinhvítt duft fyrir stungulyf, lausn (stungulyfsstofn). Reblozyl er afgreitt í hettuglösum úr gleri, sem innihalda 25 mg eða 75 mg af luspatercepti.

Hver pakking inniheldur 1 hettuglas.

Markaðsleyfishafi

Bristol-Myers Squibb Pharma EEIG
Plaza 254
Blanchardstown Corporate Park 2
Dublin 15, D15 T867
Írland

Framleiðandi

Celgene Distribution B.V.
Orteliuslaan 1000
3528 BD Utrecht
Holland

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið:

Belgique/België/Belgien

N.V. Bristol-Myers Squibb Belgium S.A.
Tél/Tel: + 32 2 352 76 11
medicalinfo.belgium@bms.com

Lietuva

Swixx Biopharma UAB
Tel: + 370 52 369140
medinfo.lithuania@swixxbiopharma.com

България

Swixx Biopharma EOOD
Тел.: + 359 2 4942 480
medinfo.bulgaria@swixxbiopharma.com

Luxembourg/Luxemburg

N.V. Bristol-Myers Squibb Belgium S.A.
Tél/Tel: + 32 2 352 76 11
medicalinfo.belgium@bms.com

Česká republika

Bristol-Myers Squibb spol. s r.o.
Tel: + 420 221 016 111
medinfo.czech@bms.com

Magyarország

Bristol-Myers Squibb Kft.
Tel.: + 36 1 301 9797
Medinfo.hungary@bms.com

Danmark

Bristol-Myers Squibb Denmark
Tlf: + 45 45 93 05 06
medinfo.denmark@bms.com

Malta

A.M. Mangion Ltd
Tel: + 356 23976333
pv@ammangion.com

Deutschland

Bristol-Myers Squibb GmbH & Co. KGaA
Tel: 0800 0752002 (+ 49 89 121 42 350)
medwiss.info@bms.com

Nederland

Bristol-Myers Squibb B.V.
Tel: + 31 (0)30 300 2222
medischeafdeling@bms.com

Eesti

Swixx Biopharma OÜ
Tel: + 372 640 1030
medinfo.estonia@swixxbiopharma.com

Norge

Bristol-Myers Squibb Norway AS
Tlf: + 47 67 55 53 50
medinfo.norway@bms.com

Ελλάδα

Bristol-Myers Squibb A.E.
Τηλ: + 30 210 6074300
medinfo.greece@bms.com

Österreich

Bristol-Myers Squibb GesmbH
Tel: + 43 1 60 14 30
medinfo.austria@bms.com

España

Bristol-Myers Squibb, S.A.
Tel: + 34 91 456 53 00
informacion.medica@bms.com

Polska

Bristol-Myers Squibb Polska Sp. z o.o.
Tel.: + 48 22 2606400
informacja.medyczna@bms.com

France

Bristol-Myers Squibb SAS
Tél: + 33 (0)1 58 83 84 96
infomed@bms.com

Hrvatska

Swixx Biopharma d.o.o.
Tel: + 385 1 2078 500
medinfo.croatia@swixxbiopharma.com

Ireland

Bristol-Myers Squibb Pharmaceuticals uc
Tel: 1 800 749 749 (+ 353 (0)1 483 3625)
medical.information@bms.com

Ísland

Vistor hf.
Sími: + 354 535 7000
vistor@vistor.is
medical.information@bms.com

Italia

Bristol-Myers Squibb S.r.l.
Tel: + 39 06 50 39 61
medicalinformation.italia@bms.com

Κύπρος

Bristol-Myers Squibb A.E.
Τηλ: 800 92666 (+ 30 210 6074300)
medinfo.greece@bms.com

Latvija

Swixx Biopharma SIA
Tel: + 371 66164750
medinfo.latvia@swixxbiopharma.com

Portugal

Bristol-Myers Squibb Farmacêutica Portuguesa, S.A.
Tel: + 351 21 440 70 00
portugal.medinfo@bms.com

România

Bristol-Myers Squibb Marketing Services S.R.L.
Tel: + 40 (0)21 272 16 19
medinfo.romania@bms.com

Slovenija

Swixx Biopharma d.o.o.
Tel: + 386 1 2355 100
medinfo.slovenia@swixxbiopharma.com

Slovenská republika

Swixx Biopharma s.r.o.
Tel: + 421 2 20833 600
medinfo.slovakia@swixxbiopharma.com

Suomi/Finland

Oy Bristol-Myers Squibb (Finland) Ab
Puh/Tel: + 358 9 251 21 230
medinfo.finland@bms.com

Sverige

Bristol-Myers Squibb Aktiebolag
Tel: + 46 8 704 71 00
medinfo.sweden@bms.com

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu
<http://www.ema.europa.eu>. Þar eru líka tenglar á aðra vefi um sjaldgæfa sjúkdóma og lyf við þeim.

--

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf en þau sem nefnd eru í kafla 6.

Geymsla lyfsins

Órofið hettuglas

Geymið í kæli (2°C-8°C). Má ekki frjósa. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Blönduð lausn

Sýnt hefur verið fram á eðlis- og efnafræðilegan stöðugleika blandaða lyfsins, sé það geymt í upprunalegum umbúðum, meðan á notkun stendur í allt að 8 klst. við stofuhita ($\leq 25^{\circ}\text{C}$), eða í allt að 24 klst. við 2°C-8°C.

Af örverufræðilegum ástæðum skal nota lyfið strax. Ef lyfið er ekki notað strax eru geymslutími við notkun og aðstæður fyrir notkun á ábyrgð notanda og skal ekki geyma lyfið lengur en í 24 klst. við 2°C-8°C.

Blönduð lausn má ekki frjósa.

Útreikningur skammta

Heildarskammtinn, samkvæmt líkamsþyngd sjúklingsins (kg) má reikna út á eftirfarandi hátt:

Heildarskammtur (mg) = skammtur (mg/kg) x þyngd sjúklings (kg) á þriggja vikna fresti.

Leiðbeiningar um blöndun

Reblozyl er afgreitt sem frostþurrkað duft sem á að blanda með vatni fyrir stungulyf. Notaðu sprautu með viðeigandi kvarða við blöndunina til að tryggja nákvæman skammt. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Tafla yfir blöndun Reblozyl

Styrkleiki	Rúmmál vatns fyrir stungulyf til blöndunar	Styrkleiki eftir blöndun (tilgreindar einingar)
25 mg hettuglas	0,68 ml	50 mg/ml (0,5 ml)
75 mg hettuglas	1,6 ml	50 mg/ml (1,5 ml)

1. Fjarlægðu litaða lokið af hettuglasinu og þurrkið efsta hlutann með alkóhólþurrku.
2. Bætið vatni fyrir stungulyf í hettuglasið með sprautu með viðeigandi kvarða með nál sem og beinið flæðinu á frostþurrkaða duftið. Látið standa í eina mínútu.
3. Fleygið nálinni og sprautunni sem notaðar voru við blöndunina. Notið þær ekki til inndælingar undir húð.
4. Hvirflið hettuglasinu varlega í hringi í 30 sekúndur. Hættið að hvirfla hettuglasinu og látið það standa upprétt í 30 sekúndur.
5. Skoðið hettuglasið með tilliti til óuppleysts dufts í lausninni. Ef óuppleyst duft sést skal endurtaka skref 4 þar til duftið er fullkomlega uppleyst.
6. Hvolfið hettuglasinu og hvirflið því varlega á hvolfi í 30 sekúndur. Snúið hettuglasinu aftur í upprétta stöðu og látið það standa í 30 sekúndur.
7. Endurtakið skref 6 sjö sinnum til viðbótar til að tryggja fullkomna upplausn efnis innan á hliðum hettuglassins.
8. Skoðið blönduðu lausnina fyrir gjöf lyfsins. Eftir rétta blöndun er Reblozyl blönduð lausn litlaus eða gulleit, tær eða örlítið ópallýsandi lausn án sýnilegra agna. Notið ekki lausnina ef óuppleyst lyf eða aðskotaagnir eru sýnilegar.
9. Ef blandaða lausnin er ekki notuð strax, lesið kaflann *Geymsla lyfsins* hér að ofan.

Lyfjagjöf

Ef blandaða Reblozyl lausnin er í kæli skal taka hana úr kælinum 15-30 mínútum fyrir inndælingu til þess að hún nái stofuhita. Þetta gerir inndælinguna þægilegri.

Ráðlagt hámarksrúmmál af lyfi á hverjum stungustað er 1,2 ml. Ef þörf er á meira en 1,2 ml skal skipta heildarrúmmáli Reblozyl upp og gefa álíka mikið rúmmál í hverri inndælingu á mismunandi stungustöðum á sama svæði en á hinum helmingi líkamans. Til að ná tilætluðum skammti skal nota viðeigandi fjölda hettuglasa af Reblozyl til blöndunar.

Gefið Reblozyl með inndælingu undir húð á upphandlegg, læri eða kvið.

Ef þörf er á fleiri en einni inndælingu á að nota nýja sprautu og nál fyrir hverja inndælingu undir húð Fargið allri ónotaðri lausn. Ekki skal gefa meira en einn skammt úr hettuglasi.

Förgun

Farga skal öllum lyfjaleifum eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.